



Lagt fyrir 378. fund velferðarráðs 20. maí 2020

VEL2020040007

RÁ/kg

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Rekstur Konukots, neyðarskýlis fyrir konur.

Lagt er til að velferðarsviði verði falið í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar að auglýsa eftir samstarfsaðila um rekstur Konukots neyðarskýlis fyrir konur. Áætlaður rekstrarkostnaður á ári er 70.200.000 mkr. og rúmast innan fjárheimilda.

Greinargerð:

Tillagan byggir á bókunum velferðarráðs frá 19. febrúar og 1. apríl 2020. Á fundi velferðarráðs þann 19. febrúar 2020 samþykkti velferðarráð að:

Fela velferðarsviði að undirbúa tillögu að framtíðarskipan reksturs Konukots.

Með bréfi Rauða krossins í Reykjavík, dags. 23. janúar 2020 kemur fram sú ákvörðun stjórnarfundar Rauða krossins að koma rekstri Konukots farsællega yfir á hendur annarra rekstraraðila. Í Konukoti er rými fyrir 8-12 konur en Rauði krossinn hefur rekið úrræðið í Eskihlíð með samstarfssamningi við velferðarsvið frá árinu 2013.

Góð reynsla hefur verið af samstarfinu við Rauða krossinn og er það mat velferðarsvið að rekstur Konukots sé til þess fallinn að auglýst verði eftir samstarfsaðila um reksturinn. Mikilvægt er að væntanlegur rekstraraðili hafi góða þekkingu á málefnum kvenna sem glíma við heimilisleysi samfara vímuefnaneyslu. Konukot hefur verið rekið á grundvelli skaðaminnkandi hugmyndafræði sem talin er mikilvæg í starfseminni samhliða áherslu á batamiðaða nálgun. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða hefur sinnt öllu samstarfi við Konukot sem byggist m.a. á kröfúlýsingu um reksturinn og þjónustuna.

Kostnaðarmat:

Árlegt framlag Reykjavíkurborgar til reksturs Konukots nemur 70,2 m.kr. og tekur breytingum til samræmis við verðlagsforsendur sem liggja til grundvallar fjárveitingum til velferðarsviðs í frumvarpi hvers árs.

Fylgiskjöl:

Samningur um rekstur Konukots

Kröfulýsing með samningi um rekstur Konukots